Liður A 5 markmæling:

Niðurgreidd orka sem er allt að 153 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 0,45 kr á kWh og sérstakur afsláttur að auki, 0,22 kr/kWh.

Ekki er sett hámark við niðurgreiðslur samkvæmt lið C 2 næturhitun. Niðurgreiðsla nemur 0,38 kr/kWh og sérstakur afsláttur að auki, 0,31 kr/kWh.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. október 1989 með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 70, 1. mars 1989 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 176, 20. mars 1989, með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 22. september 1989.

F. h. r.
Kristmundur Halldórsson.

Guðrún Skúladóttir.

22. september 1989 Nr. 431

GJALDSKRÁ

Rafveitu Siglufjarðar.

I. RAFORKA.

1. Lýsing.

1.1	Orka til almennrar lýsingar	kr.	7,20 á kWst.

2. Heimilisnotkun.

2.1	Orka til almennrar heimilisnotkunar svo og sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana	kr.	7,20 á kWst.

3. Vélanotkun.

3.1	Orka til véla og mannvirkjagerðar	kr.	7,20 á kWst.
3.2	Orka samkv. 15 mínútna meðalaflsmælingu, lágmark 20 kW	kr.	2,28 á kWst.
	Aflgjald með lýsingu	kr.	10 329,00 kW/á ári
3.3	Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa og kaupandinn skuldbindur sig til að kaupa 20 000 kWst. á ári hið minnsta, má selja orkuna um kWst.-mæli þannig:		
	Fyrir fyrstu 20 000 kWst. ársnotkun	kr.	7,20 á kWst.
	Fyrir næstu 80 000 kWst. ársnotkun	kr.	5,41 á kWst.
	Fyrir umfr. 100 000 kWst. ársnotkun	kr.	4,98 á kWst.

4. Hitun.

4.1	Orka til íbúðarhúshitunar, roftími 2 × 1,5 klst. á dag	kr.	1,76 á kWst.
4.2	Orka til atvinnuhúshitunar, roftími 2 × 2,5 klst. á dag	kr.	2,53 á kWst.
4.3	Orka til hitunar í iðnaði, roftími 2 × 1,5 klst. á dag	kr.	3,16 á kWst.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til upphitunar:

a) Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b) Að tæki, lagnir og búnaður í sambandi við rafmagnsupphitun sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar.
c) Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitunina, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafveitan setur um einangrun.

II. HEIMTAUGAGJÖLD.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við veituna, skal greiða heimtaugargjald sem miðast við flutningsgetu raftaugar þeirrar sem að húsinu liggur, svo sem hér segir:

Heimtaugagjöld	Heimtaugagj.	Yfirl.gj. kr/m
63 A 1-fasa	kr. 35 283,00	1 648,00
63 A 3-fasa	kr. 35 283,00	1 648,00
100 A 3-fasa	kr. 48 043,00	2 266,00
125 A 3-fasa	kr. 58 740,00	2 587,00
200 A 3-fasa	kr. 77 511,00	3 507,00
300 A 3-fasa	kr. 134 011,00	4 070,00

Yfirlengdargjald greiðist þegar lengd heimtaugar fer fram úr 15 m. Lengd jarðstrengs mælist frá lóðarmörkum húss. Ef heimtaugin krefst óvenjumikils kostnaðar að dómi rafveitustjórnar, svo sem nýrrar spennistöðvar, nýrra aflstrengja eða annars búnaðar, verða gjöldin ákveðin af rafveitustjórn í hverju tilviki. Ef lögð er fleiri en ein heimtaug að húsi, greiðir húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina samkv. reikningi. Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugagjöld, greiði aðeins hálft heimtaugargjald, ef loftlínu er breytt í jarðstreng.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga þegar uppsetningu er lokið og áður en straumur er settur á heimtaugina.

III. OPNUNARGJALD.

Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari ekki verið greitt svo að til lokunar veitu hafi komið skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 350,00. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefur greitt kr. 350,00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

IV. SÖLUSKATTUR.

Söluskattur 25% er með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar nema gjaldalið 4.1 og 4.2, sem er sala raforku til upphitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. október 1989 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 168, 20. mars 1989.

Iðnaðarráðuneytið, 22. september 1989.

F. h. r.
Kristmundur Halldórsson.

Guðrún Skúladóttir.